

Nr. 23-012 S 009 Öddi**Skipverji slasað á fingri**

Skipaskr.nr. 2921
Smíðaður: Moen Marine 2016 Ál
Útgerð: Arnarlax ehf.
Stærð: 41 BT
Mesta lengd: 13.38 m Skráð lengd: 13.37 m
Breidd: 7.5 m Dýpt: 2.5 m
Vél: JOHN DEERE 484 KW 2016
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:
Gögn RNSA




Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. febrúar 2023 var vinnubáturinn Öddi að sleppa landfestum við laxeldiskvívar í Tálknafirði þegar skipverji klemmdi finger milli polla og landfestar. Skipverjinn slasaðist illa. Veður: NV 2 m/s, ölduhæð 2 metrar.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Á bátunum voru tvær vaktir og þrjár til fjórir um borð hvert sinni.
- Umræddan dag var verið að fara með kafara út í sjókví. Öddi var bundinn utan á systurbátinn Nonna Hebba. Var hann bundinn á tveimur stöðum og að aftan með landfestum frá Nonna Hebba. Á milli bátanna voru belgir.
- Hinn slasaði hafði verið kallaður á aukavakt með skömmun fyrirvara og fórst fyrir að lögskrá hann á bátinn.
- Þegar verið var að sleppa Ödda að aftan kom þung undiralda og skipverjinn varð á milli landfestar og polla (sjá mynd 1).
- Ölduspá þennan dag sýndi ölduhæð 2,1 metra með sveiflutíma 7,8 sekúndur.
- Vitni að atvikinu gat ekki fullrytt um það hvort brögð (hálfstikk) hefðu verið á landfestunum.



Mynd 1 staður þar sem slasaði stóð og pollinn þ.s. hann klemmdi sig.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til þess að hinn slasaði gætti ekki nægjanlega vel að sér.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2023 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni